

FÉLAGALÖG,

LANGBOGAFÉLAGIÐ FREYJA

1. gr. Nafn

Félagið heitir Langbogafélagið Freyja skammstafað LFF.

2. gr. Heimili

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er iðkun bogfimi með æfingum og keppni.

4. gr. Félagsmenn

Félagi getur hver sá orðið sem óskar þess og samþykkir að taka á sig þær skyldur er því fylgja. Sérhverjum félagsmanni 18 ára og eldri ber að greiða félagsgjald til félagsins.

5. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum:

- Formaður kosinn til tveggja ára.
- Fjórir meðstjórnendur. Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er tvö ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverjum aðalfundi.
- Tveir varamenn kosnir til eins árs.

Ef ekki berast nægileg framboð til varamanna eða meðstjórnenda er heimilt að skilja þær stöður eftir auðar þar til á næsta aðalfundi. Stjórn félagsins skal þó aldrei samanstanda af færri en þremur aðalmönnum og einn þeirra skal vera formaður. Ef upp kemur að stjórnin samanstendur af færri en 3 stjórnarmönnum skal boða samstundis til félagsfundar þar sem kosið er í allar þær stöður sem auðar eru.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal skipað í embætti varaformanns, gjaldkera og ritara á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund.

Forfallist stjórnarmaður eða hættir störfum í stjórninni tekur varamaður hans stað út kjörtímabil stjórnarmannsins sem forfallaðist. Ef formaður forfallast tekur varaformaður hans stað.

Formaður boðar til stjórnarfunda þegar þurfa þykir eða ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Komi til atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Stjórnarfundur telst löglegur mæti að minnsta kosti þrír stjórnarmenn til hans.

Daglega umsjón félagsins annast formaður.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar.

Stjórn félagsins ákvarðar upphæð gjalda félagsins s.s. félagsgjalda, æfingagjalda og námskeiðsgjalda.

Ef félagsmaður gerist brotlegur við lög eða reglur félagsins, eða með framkomu sinni hefur vegið að heiðri félagsins og markmiðum þess, er stjórn heimilt að víkja honum úr félaginu. Þó skal félagsmanni sem vísað er úr félaginu vera heimilt að áfrýja slíkri ákvörðun til næsta reglulega aðalfundar félagsins sem tekur endanlega ákvörðun um aðild viðkomandi félagsmanns í slíkum tilfellum.

6. gr. Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal haldinn í mars ár hvert. Til fundarins skal boða á vefsíðu félagsins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal getið dagskrár í fundarboði. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum skulu hafa borist stjórn minnst viku fyrir aðalfund. Mál sem berast eftir að sá frestur er liðinn verða ekki tekin fyrir nema 2/3 fundarmanna samþykki það. Rétt til fundarsetu á aðalfundi hafa félagsmenn sem eru skuldlausir við félagið tveim vikum fyrir aðalfund.

Dagsskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Lögð fram ársskýrsla fyrir liðið starfsár og umræða um hana.
4. Lagðir fram ársreikningar, umræða og atkvæðagreiðsla.
5. Nefndir gefa skýrslur og umræður um þær.
6. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
7. Lagabreytingar ef fyrir liggja.
8. Kosningar:
 - a) Stjórn, samanber 5.grein
 - b) Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs
9. Aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar.
10. Önnur mál
11. Fundarslit.

Á aðalfundi fer hver félagi 18 ára og eldri með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema varðandi lagabreytingar, þá þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna til þess að breytingar nái fram að ganga. Ef atkvæði falla jafnt í kosningum og slíkt hefur áhrif á hver nær kjöri í stöðu skal kosið á ný en aðeins á milli þeirra sem jafnir voru til að brjóta jafnteflið. Ef atkvæði falla enn jafnt eftir aðra kosningu skal hlutkesti ráða því hver nær kjöri og skal fundarstjóri annast hlutkestið. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Stjórn félagsins getur boðað til félagsfundar er brýna nauðsyn krefur eða ef 50% félagsmanna bera fram skriflega ósk um það. Til slíks fundar skal boða á sama hátt og til reglulegs aðalfundar. Rétt til fundarsetu hafa skuldlausir félagar. Dagskrá félagsfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kosnir fundarstjóri og fundarritari.
3. Tekin til meðferðar þau mál sem gáfu tilefni til boðun fundar og tilkynnt voru í fundarboði.
4. Fundarslit.

7. gr. Starfstímabil

Starfs- og reikningstímabil félagsins er almanaksárið.

8. gr. Slit Félagsins

Til að slíta félaginu þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ef slíkt er samþykkt skal boða annan félagsfund innan tveggja mánaða, sem eingöngu skal fjalla um slitin. Séu slit félagsins einnig samþykkt á þeim fundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða er félaginu endanlega slitið. Eignir félagsins skal þá varðveita hjá ÍBR, þar til annað félag með sama tilgangi er stofnað á félagssvæðinu, en þá skulu þær renna til þess. Ef slíkt félag er ekki stofnað innan fimm ára frá slitum félagsins renna framangreindar eignir til ÍBR

9. gr.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi og öðlast gildi eftir að ÍBR og ÍSÍ hafa staðfest þau.